

Kennsluáætlun skólaárið 2021-2022

Smíði í 1. bekk

Í smíði eru fjórar kennslustundir á viku fjórðung úr vetri í 1. bekk. Kennrarar eru Katrín Lea Hjálmarsdóttir og Margrét Andrea Larsdóttir.

Vinnulag

Nemendur byrja á að vinna skilduverkefni eftir það fá nemendur þjálfun í að vinna hugmynd sína, koma henni frá sér í formi skissu eða vinnuteikningar sem svo er smíðað eftir. Þannig fá nemendur þjálfun í að fylgja hugmyndum sínum eftir allt frá hugmynd að lokaafurð.

Meginviðfangsefni skólaársins eru að nemendur læri örugga meðferð verkfæra og góða umgengni í smíðastofunni; góða líkamsbeitingu við vinnu; notkun á viðeigandi verkfærum.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni/gögn	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Handkverksþættir	Efni frá kennara og hugmyndir af veraldarvefnum. Ýmis handverkfæri, laufsög, sandpappír, spónaplötur, blöð, ritföng, trélitir og akrílmálning, MDF viður, krossviður, greinar. Nemendur kynnast hugmyndavinnu, skissuteikningum og mála.	Nemandi getur ... <ul style="list-style-type: none">Þjálfist í handverkfærum, s.s. laufsög, þjöl, sandpappír og þekki nöfnin á þeim.Þekki helstu smíðaefni sem þau nota	Leiðsagnarmat, nemendur fá endurgjöf og leiðsögn meðan unnið er. Mat á eigin verkum.
Samskipti/samvinna		Nemandi getur ... <ul style="list-style-type: none">Komið fram við aðra af virðingu og kurteisi.	

		<ul style="list-style-type: none">• Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.• Sýnt nokkuð örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.	
--	--	--	--

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvívar í veturnar, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Katrín Lea Hjálmarsdóttir og Margrét Andrea Larsdóttir